

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjarreits á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 3. ágúst 2006, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á miðbæjarreit á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í stækkun á byggingarreit verslunarmiðstöðvar til suðurs um allt að 15 m². Hækkun húshæðar úr 5 metrum í 6. Lóð verslunarmiðstöðvarinnar minnkar úr 23.450 m² í 21.420 m² og nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 0,3 í 0,33.

Fjöldi bílastæða verður 223. Smávægilegar breytingar eru gerðar á lóðarmörkum milli lóðanna við Stillholt 19 og 21 en óskiptri lóð undir bílakjallara er skipt milli lóðanna. Jafnframt er svæði umhverfis útilistaverk afmarkað til samræmis við raunstærðir.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 15. ágúst 2006.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 15. ágúst 2006